



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2010
Mál nr. 0902005

Efni: Umsögn um 243. mál, útgáfa haffærisskírteina.

Samgöngunefnd hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

Markmið frumvarpsins er að fella niður 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laga um eftirlit með skipum, þar sem ákvæðið verður óþarft fyrir skip undir 20 brt. nái frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna fram að ganga. Þar er lagt til að lögskrá skuli á öll skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Samtökin gera ekki athugasemd við frumvarpið, enda í samræmi við fyrri umsögn samtakanna frá 4. mars 2009 um sama efni, þá 291. mál.

Virðingarfyllt,

Friðrik Friðriksson, hdl.